

Aðgengi að sálfræðiþjónustu í nýju ungmennahúsi

Stuðningur við ungt fólk í Hafnarfirði. - 1806324

Upphafleg tillaga var til umfjöllunar síðasta vor í fræðsluráði um sálfræðiþjónustu fyrir 16-18 ára börn í óstofnuðu ungmennahúsi. Síðan á fundi fræðsluráðs þann 21. nóvember 2018 er bókað:

Fræðsluráð tekur undir áskorun minnihlutans í bæjarstjórn varðandi aðgengi að sálfræðiþjónustu í Ungmennahúsi fyrir ungmenni sem lokið hafa grunnskóla og þannig tryggja aðgengi að geðheilbrigðisþjónustu fyrir ungmenni á aldrinum 16-18 ára. Fræðsluráð felur fræðslu- og frístundaþjónustu í samvinnu við fjölskylduþjónustu að vinna að hugmyndum og útfærslum.

Í minnisblaði Eiríks Þorvarðarsonar og Fanneyjar D. Halldórsdóttur frá 5. desember 2018 um sálfræðiþjónustu Hafnarfjarðarbæjar segir:

Ungmennahús

Vert er að skoða aðkomu sálfræðingur í Ungmennahús sem tilraunaverkefni. Mögulegt væri að semja við sálfræðing á stofu eða verktaka sem kæmi reglulega í Ungmennahúsið. Mikilvægt er að vinna með heilsugæslu, Flensborg og Fjölskylduþjónustu. Forvarnarvinna með sálfræðingi/um þar sem þörf einstaklinga og hópsins væri metin af starfsfólki Ungmennahúss er auk þess mikilvæg. Fræðslu- og frístundaþjónusta tekur þessari tillögu fagnandi. Nauðsynlegt er að vinna tillöguna áfram með forstöðumanni Ungmennahúss. Íþrótta- og tómstundafulltrúi ásamt deildastjóra stoðþjónustu vinna að uppsetningu verkefnisins. Kostnaður er enn óljós þar sem umfang og þörf liggur enn ekki ljós fyrir.

Hvað er KaraConnect og hvernig virkar það?

Við viljum að Ungmennahúsið sé miðstöð ungmenna í fleiru en afþreyingu og er sálrænn stuðningur ein sú mikilvægasta aðstoð sem við getum veitt. Því miður er það enn þannig að margir skammast sín eða fresta því af einhverjum ástæðum að leita sér aðstoðar þegar um sálræna erfiðleika er að ræða. KaraConnect er rafrænt verkfæri sem við teljum að muni auðvelda ungu fólki að sækja sér þess konar aðstoð þegar þau þurfa á henni að halda.

Inni á heimasíðu KaraConnect er verfærinu lýst svona;

„Kara er veflausn sem tengir skjólstæðinga og sérfræðinga í mennta-, velferðar- og heilbrigðisgeiranum. Hugbúnaðurinn, gerir skjólstæðingum kleift að þiggja og ólíkum sérfræðingum að veita, bestu fánlegu þjónustu og meðferð sem völ er á, hvar og hvenær sem er í gegnum öruggt fjarfundakerfi. Markmiðið er að bylta aðgengi skjólstæðinga að sérfræðiþjónustu og um leið nútímavæða starfsumhverfi sérfræðinga.“

Lykillinn er aðgengi en með tilkomu Kara eru ungmennin okkar ekki lengur háð því að sitja á biðstofu eftir að vera kölluð inn til sálfræðings því Kara er þeim kostum gætt að bjóða upp á að fundirnir fari fram í gegnum tölvur og snjalltæki. Þetta þýðir að ungmennin okkar geta verið í öryggi heimilis síns að fá þjónustu frá fagaðila á tíma sem hentar þeim á þeim grundvelli sem þau treysta sér í, sama hvort það er að tala saman á spjalli þar sem er skrifast á, þar sem sálfræðingurinn talar en skjólstæðingurinn skrifar, báðir tala en skjólstæðingurinn sést ekki, báðir sjá hvorn annan og heyra eða að skjólstæðingur mæti á stofu til sálfræðingsins. Kara gerir þetta allt mögulegt undir

sérhönnuðu kerfi sem verndar persónugögn en veitir okkur góða yfirsýn yfir þá þjónustu sem við erum að veita.

Kerfið sjálf virkar á þann máta að Ungmennahúsið stofnar fyrirtækjaaðgang hjá KaraConnect sem gefur okkur færi á að bjóða sálfræðingum inn í kerfið. Við erum nú þegar búin að sigta út þrjá sálfræðinga með það í huga að þeir hafa tengingu við unga fólk í Hafnarfirði og þekkingu á þeim helstu sálrænu vandamálum sem ungt fólk stríðir við.

Þegar þeim hefur verið boðið inn búa þeir sér til reikning innan fyrirtækisins og opna fyrir þá daga/tíma sem þeir hafa lausa í vikunni til að taka við nýjum málum og þann möguleika að við sendum þeim mál sem þeir finna svo tíma fyrir.

Þegar sálfræðingur fær til sína skjólstæðing í gegnum Ungmennahúsið gerir Ungmennahúsið ráð fyrir að sálfræðingurinn reyni að vinna úr vanda einstaklingsins í allt að fimm tímum og koma ungmenninu í jákvæðan farveg á þeim tíma. Þessir fimm tímar verða greiddir að fullu af Ungmennahúsinu. Ef sálfræðingur metur að ungmennið þurfi lengri tíma gerum við ráð fyrir að sálfræðingurinn geti sótt um aukalega að Ungmennahúsið greiði allt að 5 tíma í viðbót að hálfu og ungmennið greiði á móti hinn helminginn.

Sálfræðingurinn heldur til haga gögnum um meðferðina inni á KaraConnect en allar persónulegar upplýsingar eru auðvitað verndaðar trúnaðarupplýsingar sem einungis hann og skjólstæðingurinn hefur aðgang að.

Ungmennahúsið hefur engan aðgang að persónuupplýsingum eða trúnaðargögnum sálfræðings og skjólstæðings en getur fylgst með því hvort ungmennin séu að nýta sér tímana.

Hugmyndin er sú að það sé ekki úthlutað 5 tímum til ungmenna heldur verði bókaður einn tími í einu og til að fá öðrum úthlutað þarf að mæta í þann tíma. Þetta þýðir að það verður aldrei greitt fyrir nema þá tíma sem eru raunverulega nýttir.

Sálfræðingur sendir reikning í lok meðferðar til Hafnarfjarðarbæjar.

Hverjir fá meðferð og hvernig er ferlið?

Það er stórt og erfitt hlutverk að vega og meta hverjir munu nýta þessa þjónustu og mun það falla á starfsmenn Ungmennahússins að vega og meta það. Þessi þjónusta á að standa öllum opin en einhver mörk þurfa að vera á hvernig hún er sótt og rök fyrir af hverju. Það sem við sjáum fyrir okkur er að þeir sem sækja þessa þjónustu í Ungmennahúsið séu ungmenni sem eru að nýta sér aðra þjónustu Ungmennahússins. Að starfsmenn þekki þessi ungmenni, séu byrjaðir að mynda tengsl við þau og búa þannig til samband sem opnar á að þessi möguleiki sé ræddur. Ef starfsmaður telur að ungmenni þurfi á þessari þjónustu að halda má hann opna á möguleikann sjálfur ef ungmenni hefur ekki leitað eftir því sjálf en við vonumst til að umhverfi ungmennahússins sé byggt á trausti og að ungmennin finni að þau geta leitað til starfsmanna með sálræna erfiðleika. Starfsmenn ungmennahússins hjálpa þeim sem vilja nýta sér þessa aðstoð í gegnum það að læra á KaraConnect, bóka fyrsta tímann, velja sér leið sem hentar s.s. myndspjall, skrifast á eða mæta á stofu.

En að þessu komnu er ferlið komið í hendurnar á sálfræðing og ungmenni. Það er erfitt fyrir okkur að fylgja meðferð ungmenna eftir án þess að fara inn á þeirra persónulega svið en starfsmaður mun bjóða ungmenni þann stuðning sem það vill, svo sem að fylgja því eftir að hann mæti í fyrsta tímann, að það geti komið og talað við sig um það sem er að gerast og aðstoð við að bóka fleiri tíma.

Hvernig vita ungmennin að þetta stendur þeim til boða?

KaraConnect eða þessi þjónusta verður auglýst innan veggja ungmennahússins og á samfélagsmiðlum en einungis á þann veg að þessi þjónusta sé hægt að nálgast hjá okkur, kostnaðarþættirnir eru eitthvað sem við verðum ekki að auglýsa en frekar ræða þegar að því kemur við einstaklingana í hvert skipti.

Kostnaður

Því er það ósk okkar að hefja tveggja ára tilraunaverkefni í ungmennahúsinu varðandi aðgengi 16-18 ára barna að sálfræðiþjónustu.

Áskrift af kerfinu í eitt ár þar sem notaðir eru tveir/þrír sálfræðingar til að veita ráðgjöf og viðtal er 90 € x 12 mán. eða um 150 þúsund kr. á ári.

Áætlaðir tímar hjá sálfræðingum á ári eru 10 skjólstæðingar sem að jafnaði fara í 4 tíma hver. 40 x 12.500 kr. sem er um 500.000 kr.

Samtals áætlum við kostnað upp á 650.000 kr. á ári.

26. febrúar 2019

Geir Bjarnason

Eiríkur Þorvarðarson

John Friðrik Bond Grétarsson